

UMSÖGN
UM

SKÝRSLU HARZA
BÚRFELL 60 MW

21. des. 1962
S. Rist

UMSÖGN um skýrslu Harza
Búrfell Project 60 MW Plant
Desember 1962

Umsögn vatnarmælinga áhrærir aðeins þrjú atriði:

- 1) Rennsli árinnar 2) aurburð 3) IS.

- 1) Rennsli árinnar Við vatnsþörfina 58-66 kl/s er ekkert athugavert, hún er aðeins lítill hluti af rennsli árinnar, er t.d. minni en minnsta rennsli.
- 2) Aurburður Rás í árbotn samanber Exhibit I og II væri nothæf í ám hér á landi, eins og t.d. Sogi, Brúará og í nokkrum smáum lindám utan foksandssvæðanna, en vegna aurs og íss í Þjórsá, sem er í senn dragá, jökulá og lindá munu vandkvaði ill af hljótast.
Rásinni er ætlað að nái yfir 2/3 af farvegi Þjórsár, þar með mun hún a.m.k. nái til 2/3 af aurburði árinnar, sortera og fella út nokkurn hluta. Hnullungsgrjót, sem aðeins færst úr stað í ísgangi verður eftir í rásinni. Möl og grófur sandur safnast saman í rásinni, nokkur hluti sandsins skolast burt í flóðum, en hún mun fyllast fljótt af hinum grófari eftir. í Diversion Canal mun fínn sandur falla út, en með "draw down" verður unnt að halda honum opnum, en sérstaka aðgæzlu verður þó að hafa, þegar snögglega lækkar í ánni eftir flóð.
- 3) IS Virkjunartilhögun sú, sem hér um ræðir - engin stífla og lítil vatnsnotkun - hefur engin teljandi áhrif á íssöfnunina undan Hvassatanga. Þar mun vatnsborð Þjórsár (bakvatn véla) hækka af völdum ísa jafnt eftir

virkjun, sem nú gerist í ánni óvirkjaðri.

Þegar virkísmyndun er í Þjórsá mun botnís (grunnstingull, svartur af sandi, safnast saman og myndast í rásinni og "Diversion Canal". Neðan rásarinnar úti f ánni mun ís setjast að, sem grunnstingulseyjar, jafnframt ~~ver~~ ^{væx} ísskör út frá garðinum, og ísþekja legst yfir rásina. Ísskrið árinnar stingur sér undir ísþekjuna, því að straumhraði ár-vatnsins er þrisvar til fjórum sinnum of hár til þess að ísþekjumyndun færist upp á nna frá rásinni. Skiptist hér skriðið í þrjá staði.

Einn hlutinn heldur áfram undir ísþekjunni og undan henni um rásirnar milli grunnstingulseyjanna p.e.a.s. heldur leið sína með fram-há-rennslinu. Annar hluti skriðsins fer með notkunarvatninu undir stíflugarönn (stíflugaröurinn dregur úr magni þess hluta). Hinn þriðji hluti skriðsins er sá sem aðalvandkvæðum veldur. En það er sá hluti skriðsins, sem safnast í rásina og neðan á nefnda ísþekju og þrengir rennslisleið notkunar vatnsins.

I hvaða hlutföllum skiptist milli þessara þriggja staða eru vatnamælingarnar ekki færar að dama um. En telja sér þó óhætt að staðhæfa, að rennslið um rásina undir stíflugarönn sé algjörlega stöðvað, aður en tveir sólarhringar er liðnir frá því er örðísmyndun hófst, ef ekkert er að gjört.

A meðan þessu fer fram, sem nú hefur verið lýst, er virkísmyndun við "Approach Canal" og inntaksristar. Ef veður er kyrrt leggur lónið aður en rennslið til þess stöðvast, í miklum froststormum á hið gagnstæða sér stað. Ís mun verða á lóninu nær allan veturinn, en skurðurinn lengst af auður.

Með skírskotun til þess, sem aður hefur verið sagt um Þjórsárfísa og kvíklyndi veðráttunar, má vera ljóst
að rennslistruflanir við inntakið (ána) munu eiga sér
stað af og til allan veturinn.

Reykjavík, 21. desember '62

Sigurjón Þist